

VIÐAUKI 1.1

Skipulags- og framkvæmdanefnd.

1. gr.

Skipulags- og framkvæmdanefnd afgreiðir án staðfestingar bæjarstjórnar og bæjarráðs eftirtalin verkefni samkvæmt heimild í 1. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og samþykkt um stjórn og fundarsköp Fjarðabyggðar:

- a) Tillögur til lögreglustjóra varðandi breytingar á varanlegum sérákvæðum um notkun vega til umferðar og aðrar ákvarðanir sem hljóta þurfa staðfestingar eða samþykki hans, sbr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.
- b) Breytingar á deiliskipulagi, sbr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
- c) Ákvörðun um að hefja gerð deiliskipulags, sbr. 38. gr. skipulagslaga.
- d) Framkvæmdaleyfi, sbr. 1. mgr. 13. gr. skipulagslaga.
- e) Skiptingu jarða, landa, lóða og breytingu á landamerkjum samkvæmt 48. gr. skipulagslaga.
- f) Meðmæli til Skipulagsstofnunar vegna einstakra framkvæmda þar sem ekki liggur fyrir staðfest deiliskipulag, sbr. 1. ákvæði til bráðabirgða í skipulagslögum.
- g) Verkefni byggingarnefndar sbr. 7. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.
- h) Ákvörðun um hvort framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum þegar sveitarfélagið er sjálft framkvæmdaraðili og framkvæmd er háð framkvæmdaleyfi eða byggingarleyfi samkvæmt skipulagslögum eða lögum um mannvirki.
- i) Hvers kyns ákvarðanir varðandi starfsemi Hitaveitu Fjarðabyggðar að undanskildum þeim sem varða mannráðningar, staðfestingu gjaldskrár, fjárhagsáætlun, ákvarðanir um breytingu veitusvæðis og ákvarðanir um nýframkvæmdir, sbr. ákvæði í gildandi innkaupareglum.
- j) Hvers kyns ákvarðanir varðandi starfsemi Vatnsveitu Fjarðabyggðar að undanskildum þeim sem varða mannráðningar, staðfestingu gjaldskrár, fjárhagsáætlun og ákvarðanir um nýframkvæmdir, sbr. ákvæði í gildandi innkaupareglum.
- k) Hvers kyns ákvarðanir varðandi starfsemi Fráveitu Fjarðabyggðar að undanskildum þeim sem varða mannráðningar, staðfestingu gjaldskrár, fjárhagsáætlun og ákvarðanir um nýframkvæmdir, sbr. ákvæði í gildandi innkaupareglum.

Skipulags- og framkvæmdanefnd getur ávallt vísað afgreiðslu mála samkvæmt 1. mgr. til bæjarráðs og er skylt að vísa þeim til bæjarráðs sé þess óskað af tveimur fulltrúum í nefndinni hið fæsta. Í slíkum tilfellum skal nefndin þó setja fram tillögu að afgreiðslu máls.

2. gr.

Óski aðili frekari rökstuðnings við afgreiðslu Skipulags- og framkvæmdanefnd eða beri hann fram kvörtun skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, meðal annars um heimild til að óska eftir endurupptöku máls í bæjarráði, sbr. 24. gr. stjórnarsýslulaga, eftir því sem við á. Telji bæjarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal Skipulags- og framkvæmdanefnd taka málið upp að nýju.